

I. KAFLI

2. gr.

Eðlilegt væri að selir og smáhvalir féllu undir þessi lög.

II. KAFLI

Stjórnsýsla.

5. gr.

Að mínu mati þarf að vera algjörlega skýrt í lögunum að NÍ sé með rannsóknarhlutann og UST með stjórnsýsluna. Mér er algjörlega hulið hvers vegna verið er að blanda Matvælastofnun í þetta. Hér skortir öll rök.

III. KAFLI

10. gr. „Enn fremur er óheimilt að hleypa af skoti á landi nær sömu stöðum en 200 m og á sjó nær en 2000 m.“

Hver eru rökin á bak við þetta? Hvar eru rannsóknirnar á því að skothvellur í 2 km fjarlægð frá fuglabjargi valdi einhverjum usla? Núverandi 500 metra regla er algjörlega yfirdrifin, alltént virðast 500m duga við arnahreiður, hví þá ekki við fuglabjarg?.

Auk þess myndi 2000 metra regla útiloka svartfuglsveiðar í heilu og hálfu fjörðunum að ástæðulausu og án allra rannsókna. Hver er svo skilgreiningin á fuglabjargi?

14. gr.

Á hvaða örugga stað er fyrirhugað að flytja hvítabirni verði þeir fangaðir hér á landi? Það er á hreinu að Grænlandingar vilja ekki fá þá aftur. Hvað hyggst Umhverfisstofnun gera í þessu? Hvers vegna er ekki hægt að bera meiri virðingu fyrir mannlífum og tryggja það að ef til þess kemur að hvítbjörn komi hér á land þá verði hann umsvifalaust felldur eins og nefnd um það málefni lagði til?

V. KAFLI

17. gr., 3. málsg.

Af hverju að setja það sem skilyrði að bráðin sé veidd til neyslu? Hægt er að nytja bráð á margan annan hátt en borða hana. Það er ekki hlutverk löggjafans að ákveða hvernig menn nýta bráð sína. Þetta þarf að fella út.

20. gr.

Ég er sammála því að allar veiðar skuli vera sjálfbærar. Þá er líka einsýnt að hefja veiðar t.d. á hrossagauk, enda stofninn gríðar sterkur og þolir vel þá hóflegu veiði sem yrði á þeim. Eins er löngu kominn tími á að leyfa takmarkaðar, sjálfbærar veiðar á álft til að verja kornakra og nýræktir bænda, enda þolir stofninn vel hóflega grisjun.

VI. KAFLI

21. gr. „**Aðgerðir geta m.a. falið í sér bann við veiðum á tilteknum tegundum, á tilteknum svæðum, á tilteknum tímum árs eða sólahringsins.**“

Á hvaða friðunarmöguleika er eiginlega verið að reyna að opna hérna? Banna anda/gæsaveiðar í morgunskímunni? Banna kvöldveiði?

Veiðum er stjórnað með veiðitímabili og er það yfirdrifið verkfæri löggjafans.

25. gr. „**Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á eignarland sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð, önnur en hreindýr, eign landeiganda. Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína.**“

Dæmi: Veiðimaður særir gæs á eignarlandi A, gæsin fellur til jarðar á eignarlandi B.

Veiðimaðurinn er þá eðlilega skyldugur að fara strax og aflífa bráðina, þó svo að hann hafi ekki veiðileyfi á eignarlandi B. En eignast þá landeigandi á svæði B gæsina? Stangast það ekki á við síðustu setninguna; „**Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína.**“?

VII. KAFLI

27. gr. „**Veiðikort þarf ekki til músaveiða innandyrá né rottuveiða.**“

Þarf sem sagt veiðikort til músaveiða utandyra? Er mönnum alvara?

VIII. KAFLI

29. gr.

Verulega hefur fækkað tegundum sem lagt er til að veiði verði heimiluð á samkvæmt þessum drögum, en myndu vel þola veiði. Endurskoðun á listanum er því nauðsynleg, enda er gert ráð fyrir því annarsstæðar í lögunum að gerðar verði stjórnunar og verndaráætlanir fyrir hverja tegund. Rétt er að vekja athygli á því að þetta frumvarp á að fjalla um veiðar en ekki þrengingar á núverandi veiðirétti án rökstuðnings.

IX. KAFLI

33. gr

Egg heiðagæsa ættu að vera í upptalningu í 1. málsgrein, enda stofninn í örum vexti og sögulegu hámarki og því engin rök fyrir því að banna sölu/að gefa heiðagæsaegg.

XIII. KAFLI

48. gr. *Sala á veiðibráð eða öðrum afurðum villtra dýra*

Hér er verið að fjalla um það hvort að viðkomandi stofn þoli sölu. Það er algjörlega ótækt að blanda saman tveimur ólíkum hagsmunum; dýravernd annars vegar og sölu á afurðum hins vegar. Sala á afurðum er ekki verkefni hins opinbera. Ég krefst þess að þetta verði fellt út.

XIV. KAFLI

50-52 gr.

Aðrir en lögregla geta ekki stöðvað ökutæki, krafð menn um skilríki eða aðrar persónuupplýsingar á veiðum. Umhverfisstofnun er eftirlitsstofnun og hefur því engar valdheimildir í slíkt, enda ekki hluti af valdstjórninni. Þessar greinar þarf að fella út.